

Aðalstjórn UMF Stjórnunnar

Stjórnarfundur haldinn í gegnum fjarskiptabúnað Microsoft TEAMS, þriðjudaginn 06.04.2021, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Aðalfundur Stjórnunnar

a. Framkvæmd

Vegna samkomutakmarkana var tekin ákvörðun um að Aðalfundur Stjórnunnar færi fram rafrænt að þessu sinni. ÁIP hefur sett sig í samband við Advania sem aðstoðað hefur helstu sérsambönd undanfarið ár með sambærileg fundahöld. Auglýsing um fundinn birtist í Garðapóstinum þann 31. mars sl. og því löglega boðað til fundarins. Í ár er óumflýjanlegt að óskað hefur verið eftir skráningu félagsmanna á fundinn svo forsvarsmenn geti fylgt ítrustu reglum Almannaþingarinnar um sóttvarnir. Fer sú skráning fram í gegnum heimasíðu félagsins en þar inni liggja einnig lög félagsins, dagskrá fundarins og eins er hægt að greiða félagsgjald Stjórnunnar þar. Frekari upplýsingar og leiðbeiningar um framkvæmd verða sendar út á alla félagsmenn þegar nær dregur. Ársskýrsla félagsins verður svo birt á heimasíðu þess samdægurs og fundurinn fer fram.

b. Heiðursviðurkenningar

Farið var yfir þær tilnefningar til heiðursviðurkenninga sem borist höfðu til stjórnar. Eftir góða yfirferð á þeim tilnefningum lagði SG til endalegan lista yfir viðurkenningar, sem samþykktur var einróma af stjórn.

Ákveðið var á fundinum að bíða með afhendingu heiðursviðurkenninga þangað til aðstæður í þjóðfélaginu eru hentugri til slíkra viðburða. Allir þeir einstaklingar fá þó tilkynningu um viðurkenninguna annað hvort í pósti eða símleiðis. Einnig á eftir að afhenda formlega heiðursviðurkenningar ársins 2020 og er stefnt á að gera það einnig við sama tilefni.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:25 – ritað ÁIP